
STJÓRNARFUNDUR FORELDRA- OG HOLLVINAFÉLAGS ME, HALDINN 28. ÁGÚST 2018 KL 17:30

Staðsetning: Fundarsalur ME.

Fundinn sátu: Björn Ingimarsson, Bergrún Arna Þorsteinsdóttir, Erna Jóhanna Erlendsdóttir, Snædís Róbertsdóttir og Árni Ólason. Guðný Drífa Snæland boðaði forföll.

Björn Ingimarsson bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Samþykkt að verkaskipting yrði eftirfarandi:

Formaður:	Bergrún Arna Þorsteinsdóttir
Gjaldkeri:	Guðný Drífa Snæland
Ritari:	Björn Ingimarsson
Fulltrúi í skólanefnd ME:	Bergrún Arna Þorsteinsdóttir
Aðalmaður í stjórn:	Snædís Róbertsdóttir
Aðlammaður í stjórn:	Erna Jóhanna Erlendsdóttir

2. Fundartími stjórnar á komandi vetri.

Ákveðið að boða til funda annan þriðjudag í mánuði tvisvar til þrisvar sinnum á önn. Formaður boðar til funda.

3. Aðalfundur foreldrafélagsins fyrir skólaárið 2017 - 2018.

Lögð fram fundargerð aðalfundar foreldrafélagsins sem haldinn var sunnudaginn 26. ágúst sl. á sal skólans kl. 18:45.
Fundagerð samþykkt samhljóða.

4. Verkefni og staða mála.

Árni Ólason, skólameistari ME, mætti og gerði grein fyrir því helsta sem er í gangi og framundan:

- Ball verður á vegum nemendafélagsins föstudaginn 7. september nk. og ákveðið að senda út tilkynningu á foreldra síðar í vikunni með hvatningu um þátttöku í foreldravakt.
- Fram kom að lagður var dregill á ganga heimavistarinnar í sumar sem hafði jákvæð hljóðvistarhrif.
- 1. desember verður lokahátíð fullveldishátíðar á Austurlandi (fullveldi 1918) haldin í Menntaskólanum á Egilsstöðum.

5. Önnur mál.

Ákveðið að boða fulltrúa stjórnar nemendafélagsins á næsta fund.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:20.